

Vor 2010

Starf foreldrafélagsins skólaárið 2009-2010



Foreldrafélagið hefur það sem af er vetri staðið fyrir nokkrum uppákomum. Má þar nefna laufabrauðsgerðina sem var í lok nóvember. Í samvinnu við bókasafnið sá félagið um jólabókakynningu þar sem þrjár barnabókahöfundar komu og lásu upp úr bókum sínum. Þrettándabrennan var á sínum stað. Við viljum þakka öllu þeim sem lögðu okkur lið við undirbúning of framkvæmd hennar. Félagið kom einnig að undirbúningi öskudagsins í samstarfi við skólann og var hann einstaklega vel heppnaður og ríkti mikil gleði og glaumur í skólanum þann daginn.

Hvað er framundan?

Apríl

- 17. Gróttudagurinn
- 23. Skipulagsdagur
- 29. Aðalfundur Foreldrafélags

Mái

- 10. – 14. Vorpróf 8.-10. bekk
- 7. bekkingar að Reykjum

Júní

- 1. – 3. Vordagar 7.-9. Bekk
- 10. bekkingar í Þórsmörk
- 3. Vorhátíð Mýró
- 4. Skólaslit
- 4. Lokaball Való

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness verður haldinn 29. apríl n.k. í sal Mýrarhúsaskóla klukkan 20:00 – 21:30. Hvetjum foreldra til að mæta og eins til að bjóða sig fram í stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrastarf – fyrir hvern?

Stjórn félagsins vill minna á mikilvægi foreldrastarfs og um leið hvetja foreldra til virkrar þátttöku. Hlutverk félagsins er í raun margþætt og mótast starfið af markmiðum félagsins, en er um leið mjög háð þátttöku foreldra. Skipulag viðburða meðal barna og foreldra og forvarnarstarf ýmiskonar eru helstu áhersluatriði í starfinu. Foreldrafélagið og bekkjarfulltrúar einstakra bekkja geta aukið samstarf og samskipti milli foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda skólans. Sameiginlegt markmið allra þessara aðila er velferð nemenda við skólann, - "okkar eigin barna".

Foreldrastarf – fyrir hvern?

Gæði foreldrastarfsins verður ætíð í samræmi við metnað og vilja þeirra sem að starfinu koma, ekki bara stjórnarmanna eða bekkjarfulltrúa, heldur miklu frekar foreldra og nemenda. Því fleiri sem taka þátt í starfinu, því fjölbreyttara og skemmtilegra verður það og ánægjulegra að taka þátt í því.


Foreldrafélög hafa sannað gildi sitt

Í upplýsingum frá Landssamtökum foreldra, Heimili og skóli kemur m.a. fram að starfið stuðli að:

- Bættum bekkjaranda
- Forvörnum gegn einelti
- Bættu upplýsingaflæði
- Betri líðan nemenda
- Betri námsárangri

Starfið stuðlar einnig að greiðari leið fyrir foreldra að fulltrúum foreldra, kennurum og skólastjórn.

Ef starf foreldrafélags Grunnskólans á Seltjarnarnesi nær einhverju af þessum markmiðum telur stjórnin að það sé næg ástæða til að leggja sitt af mörkum til starfsins.



Foreldrafélag, skólaráð og bekkjarfulltrúar.... Hver er hvað og hvað er hvers?

Bekkarfulltrúar eru rödd og eyru foreldra í skólastarfinu og tengjast störf þeirra við störf til hagsbóta fyrir nemendur og foreldra. **Skólaráð** er rödd og eyru foreldra gagnvart skólastjórnendum og fræðslu- og bæjaryfirvöldum. Foreldrafélagið er rödd og eyru allra foreldra nemenda í Mýró og Való og hefur það að markmiði að bæta líðan og auka öryggi sinna félagsmanna og barna þeirra.

Bekkarfulltrúar geta eftt þátttöku foreldra úr hverjum bekk. Bekkarfulltrúum er ekki ætlað að framkvæma einir það sem þeir skipuleggja heldur að útdeila verkefnum og virkja þannig fleiri foreldra í foreldrastarfinu. Virkt bekkjarstarf er besta forvörnin gegn einelti, styrkir m.a. félagsfærni auk þess sem foreldrar kynnast öðrum foreldrum sem einnig er mikilvægt.

Foreldrafélagið er samnefni fyrir foreldrastarfið og hefur þann tilgang að virkja foreldra og nemendur til þátttöku í sameiginlegu starfi. Árgjald félagsins í ár er kr. 1.500 (eða 750 kr. á önn). Fjármunum er varið til ýmissa verkefna m.a. kaup á leiksýningum, fræðslu ýmiskonar, skemmtikröftum á öskudegi, vorhátíðinni svo eitthvað sé nefnt.

Heilsuvefurinn 6H – áhugaverður vefur



Fræðsla um heilsu og þætti er tengjast henni er einn af mikilvægustu þáttum í heilsuvernd barna. Heilsuvefurinn www.6H.is er samstarfsverkefni Miðstöðvar heilsuverndar barna hjá [Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins](#), [Lýðheilsustöðvar](#), [Barnaspítala Hringins](#) og [Landlæknisembættisins](#).

Markmið með þessum heilsuvef er að útvega áreiðanlegar upplýsingar frá fagfólki um heilsutengda þætti fyrir börn, unglunga og foreldra.

Sex hugtök sem byrja öll á H mynda umgjörð 6H heilsunnar. Þetta eru hugtökin:

hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki, hvíld og hreinlæti.

Sjöunda hugtakið sem er ***kynþroski*** hefur síðan skírskotun til tölustafsins 6. Að lokum eru ***slysavarnir*** og ***neytendaheilsa*** efnisflokkar sem ganga þvert á hina sjö efnisflokkana. Við gerð fræðsluefnisins voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- Börnin átti sig á ákveðinni heildarmynd heilbrigðs lífsstíls: [6H heilsunnar](#)
- Skýr markmið sett fram með hverri fræðslu.
- Áhersla á jákvæðar og styrkjandi leiðbeiningar.
- Áhersla á gagnvirkan vef.
- Áhersla á að þjóna hverjum markhópi fyrir sig, þ.e, börnum, unglungum og foreldrum.



Vissir þú að það er 13 ára aldurstakmark á facebook?


SAFT

Samfélag, fjölskylda og tækni er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga Íslandi. Heimili og skóli – landssamtök foreldra sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Heimasíða verkefnisins er www.saft.is

Útbúinn hefur verið bæklingur með 10 netheiliræðum. Þar eru góð ráð fyrir foreldra um aðstoð við börn og unglunga til að þau læri að nota tölvur og netið á jákvæðan og öruggan hátt. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að kynna sér heiliræðin.

- Uppgötum netið með börnunum okkar
- Gerum samkomulag við börnin um netnotkun
- Hvetjum börnin til að vera gætin þegar þau veita persónulegar upplýsingar
- Ræðum um þá áhættu sem fylgir því að hitta netvin
- Kennum börnunum að skoða efni á netinu með gagnrýnum hætti
- Barnið kann að rekast á netefni sem er ætlað fullorðnum
- Komum upplýsingum um ólöglegt/skaðlegt efni til réttra aðila
- Hvetjum til góðra netsiða
- Kynnum okkur netnotkun barnanna okkar
- Kennum börnunum að nota netið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt

Nánar á www.saft.is



Gróttudagurinn - fjáröflun fyrir foreldrafélag

Þann 17. apríl verður hinn árlegi Gróttudagur. Að þessu sinni er það foreldrafélagið sem verður með fjáröflun í formi vöflusölu, en Seltjarnarnesbær gefur hráefnið og mun ágóðinn verða nýttur í þágu barnanna okkar. Gefst m.a. tækifæri til að fara upp í Gróttuvita sem er mikið ævintýri bæði fyrir börn og fullorðna. Við hvetjum því alla til að mæta og eiga góðan dag með okkur.

Gróttuviti verður opinn frá kl. 12:00 – 15:30

Uppskrift frá Jóa kokki – Plokkfiskurinn góði

Plokkfiskur fyrir 4 til 5

2 til 3 msk. smjör
 1 laukur
 2 til 3 msk. hveiti
 3 til 4 dl. mjólk
 1 til 2 dl soð af fiskinum
 500 gr. soðinn fiskur
 300 til 500 gr. soðnar kartöflur
 salt, pipar og ögn af múskati

Smjör brætt í potti, laukurinn skorinn í bita og látinn krauma í smjörinu, hveiti stráð yfir og hrært saman. Soð og mjólk haft heitt og hrært út í smjörbolluna, látið sjóða í 3 til 5 mín. Fiskur og kartöflur skornar í litla bita og bætti sósuna. Það hefur vakið lukku hjá okkur að setja plokkfiskinn í eldfast mót strá osti yfir og bakað ljósgullið.

Mýró á Toppnum - Skólapeysur



Skemmtileg samvinna nemenda og skóla tókst vel þegar börnin í Mýró með nemendaráð í broddi fylkingar, héldu samkeppni um mynd á skólapeysur. Milli 30 og 40 tillögur bárust og má sjá hér á mynd til vinstri verðlaunatillöguna. Frábært framtak hjá börnunum.

Stjórn foreldrafélagsins



Erla Gísladóttir formaður	erla@atlantik.is
Sólveig Magnúsdóttir gjaldkeri	solly@vortex.is
Sigurlaug Vilhelmsdóttir ritari	sigurlaug.vilhelmsdottir@nasdaqomx.com
Anna Margrét Hauksdóttir	amh@ahv.is fulltrúi í skólaráði
Guðrún Jónsdóttir	gjonsdottir@gmail.com
Hulda Helgadóttir	hulda@hhr.is
Hrefna B Björnsdóttir	hrefnab@vesturbæjarskoli.is fulltrúi í skólaráði
Sigríður Sigmarsdóttir	sigga@xnet.is

Selið - frábæra félagsmiðstöðin

Minum á heimasíðu Selsins á slóðinni www.selid.is

Þar má nálgast viðburði í hverjum mánuði og annan fróðleik.